



Tímaritið Skák

2.tbl 2009 5.október

Útgefandi: Taffélag Bolungarvíkur

Guðmundur Kjartansson Alþjóðlegur meistari





Ritstjórarabb

Þegar afreksmenn okkar eru að tefla hérlendis sem erlendis þá fylgist íslenski skákheimurinn með. Stundum gengur ekkert, menn fá ákúru á Skákhorninu og vildu helst að enginn væri að fylgjast með. Hljóðið er dauft í mönnum og spáð er í hvað fór úrskaiðis og upp eru dregnar myndir af íslensku skáklífi í dauðateiginum. Svo er farið að bera árangurinn saman við liðna tíð. Fjarlægðin gerir oft fjöllin blá !

Bara til að halda því til haga, þá er besti árangur Íslendinga samkvæmt Eló-stigum („performance“) í liðakeppnum eftirfarandi:

1. Ólympíumótið í Manila árið 1992: 2589
2. **Evrópumótið á Krít 2007:** 2552
3. Ólympíumótið í Novi Sad 1990: 2540
4. Ólympíumótið í Dubai 1986: 2538

Í sumar gátu íslenskir skákáhugamenn glaðst, því Guðmundur Kjartansson úr Taflfélagi Reykjavíkur stóð sig frábærlega á nokkrum mótum og valtaði yfir hvern stórmeistarann af fætur öðrum. Gummi náði stórmeistara-áfanga á skoska meistaramótinu og kláraði síðan alþjóðlega titilinn sinn á Czech Open með því að fara yfir 2400-stiga múrinn.

Þá var kátt á Skákhorninu og mikil stemming í gangi þar sem menn biðu með eftirvæntingu eftir hverjum leik hjá snillingnum unga í beinni útsendingu.

Í haust hefur Afreksnefnd Skáksambandsins undir forristu Jóns Gunnars Jónssonar tekið unga og efnilega skákmenn, ásamt eldri og reyndari meisturum í viðtöl. Ég tók þátt í nokkrum af þessum viðtölum og eftir þau þá er ekki vafi í mínum huga að við erum á leiðinni að eignast breiðan hóp af sterkum skákmönnum á næstu misserum. Hugurinn og staðfestan hjá okkar efnilegustu skákmönnum er mikil og þeir vita alveg hvar þeir standa og hvað þarf til þess að komast á næsta stig

Áætlað er að næsta tölublað komi út fljótlega og verður þá m.a. fjallað um Skákþing Íslands, Haustmót TR, Alþjóðamót TB og Íslandsmót Skákfélaga. Þið megið gjarnan setjast niður og skrifa skýringar við meistaraverkin ykkar. Einnig er skemmtilegt ef mótshaldarar eða aðrir skrifa smá pistil sem lýsir mótinu og myndir lífga alltaf upp á þetta !

Halldór Grétar Einarsson



Guðmundur Kjartansson:

Sumarskáktúr 2009

Í sumar skipulagði ég þriggja móta skáktúr með það að markmiði að komast yfir 2400 skákstig og ná síðasta alþjóðlega áfanganum og þannig jafnframt tryggja mér AM-títill. Fyrsta mótið sem ég tók þátt í var First Saturday, AM-flokkur, í Búdapest í júní. Sumarið byrjaði ágætlega hjá mér og náði ég síðasta AM-áfanganum. Eftir það tók við lokaður SM-flokkur í London sem breski stórmeistarinn Simon Williams sá um að skipuleggja. Þar gekk ekki eins vel og tapaði ég þrjátíu stigum sem var niðurdrepani, sérstaklega í ljósi þess að ég hækkaði aðeins um rúm 12 stig fyrir mótið í Búdapest og sá ég ekki fram á að AM-titillinn langþráði

væri á næsta leiti. Eftir London fór ég til Skotlands til að taka þátt í Skoska meistaramótinu og hitti vin minn Aron Inga í Edinborg. Þó að síðasta mót hefði ekki farið vel vissi ég að það væri mikilvægt að halda einbeitingu og tókst mér að landa mínum fyrsta áfanga að SM-titli og endaði í 4.-8. sæti. Tveimur umferðum fyrir lok mótsins frétti ég að Czech Open myndi hefjast í vikunni eftir og ákvað þá að ef ég næði stórmeistaraáfanga myndi ég fara til Tékklands og taka þátt. Sem reyndist rétt ákvörðun enda átti ég gott mót og komst loksins yfir 2400 stig og þar með var AM-titillinn í höfn! Hér að neðan eru nokkrar skákir úr þessari löngu ferð.

Stigapróun Guðmundar í sumar

(viðbætur frá ritstjóra)

Stig 1. júlí	2356
First Saturday	+12
Big Slick	-30
Skotland	+42
Czech Open	+33
Niðurstaða	2413

First Saturday

Búdapest

5.-16.júní 2009

1.sæti með 7½ vinning af 10

Performance: 2453 (AM norm)

Big Slick

London

27.júní-5.júlí 2009

2½ vinning af 9

Performance: 2222

Opna skoska meistaramótið

Edinborg

11.-19.júlí

6½ vinning af 9

Performance: 2586 (SM norm)

Nafn	Stig	Land	Pts.	Úrslit	rtg+/-
Fan Zhang	2058	GER	0.0	b 1	2,25
Graeme Kafka	2077	SCO	1.0	w 1	2,4
GM S. Arun Prasad	2556	IND	2.0	b 1	11,4
GM Magesh Chandran Panchanath	2493	IND	3.0	w 1	10,2
GM Jan Markos	2555	SLO	3.5	b 0	-3,6
GM Ketí Arakhamia-Grant	2506	SCO	4.0	w ½	3
GM Jonathan Rowson	2591	SCO	4.0	b ½	4,35
GM Colin McNab	2474	SCO	5.0	b 1	9,9
GM Mark Hebden	2468	ENG	6.5	w ½	2,25

Czech Open

Pardubice

24.júlí – 1.ágúst 2009

5½ vinning af 9

Performance: 2536

	Nafn	Stig	Land	Pts.	Úrslit	rtg+/-
	KORMAN MAXIM	2172	GER	3,5	w 1	3,90
GM	MIRUMIAN VIGEN	2506	CZE	6,0	s 1	10,50
IM	KRIVOBORODOV EGOR	2442	RUS	6,0	w 1	9,30
IM	ZILKA STEPAN	2466	CZE	6,0	s 1	9,75
IM	ROMBALDONI DENIS	2465	ITA	6,5	s 0	-5,25
IM	HAUB THORSTEN MICHAEL	2483	GER	5,5	w 1	10,05
GM	MAMEDOV RAUF	2645	AZE	6,0	s 0	-2,40
IM	ERDOGDU MERT	2463	TUR	6,5	w 0	-5,25
GM	POTAPOV ALEXANDER	2461	RUS	5,5	s ½	2,10

Hvitt: **IM Farago,Sandor** 2255
Svart: **Guðmundur Kjartansson**

2356

First Saturday IM

1.e4 c6 2.d4 d5 3.e5 c5 4.c3 Rc6
5.Re2 Bf5 6.a3 e6 7.b4 cxd4
8.cxd4 Rge7 9.Rbc3 Rc8 10.Be3
Rb6 11.Rg3 Bg6 12.h4 h6 13.h5
Bh7 14.Be2 Hc8! 15.Db3?!




15.Hc1 Be7

a) 15...Rc4?! 16.Bxc4 dxc4
17.Rge4 með óljósri stöðu.

b) 15...a5?! 16.bxa5! Rc4 17.Bxc4
dxc4 18.0-0! Bxa3 (18...Bd3
19.Dg4! Bxf1 20.Hxf1) 19.Rb5
Bxc1 20.Rd6+ Kf8 21.Dxc1 ;
16.Ra4 0-0 17.Rc5 Bxc5 18.bxc5
(18.dxc5?! Rc4 19.Bxc4 dxc4
20.Dxd8 Hfxd8 21.Hxc4 Hd3! með
mun betra á svart.; 18.Hxc5?!
Rc4! 19.Bxc4 dxc4 20.Dg4 Kh8
21.b5 Re7 með mun betra á
svart) 18...Rc4! 19.Bxc4 dxc4
20.Dg4 Kh8 21.0-0 b5! 22.cxb6
axb6 með aðeins betri stöðu á
svart.


15. - Be7 16.0-0 0-0 17.f4?
17.Hac1

17. - Rc4! 18.Bxc4 dxc4 19.Dd1
Bd3 20.Rge2 a6! 21.Hf2 b5 22.g4
Hc7! 23.Df1 Hd7 24.Dg2




24. - Rxd4! 25.Rxd4 Hxd4 26.g5
26.Bxd4 Dxd4

26. - hxg5 27.fxg5 Hh4 28.h6 Bf5
29.Hd1 Hg4 30.Dxg4 Bxg4
31.Hxd8 Hxd8 32.Re4




32.h7+ Kxh7 33.Hxf7 Hd3! 34.Kf2
Bxg5 35.Bxg5 Kg6-+

32. - Bf5 33.Rc5 c3 34.Hf1 gxh6
35.gxh6 c2 36.Hc1 a5 37.Kf1
axb4 38.axb4 Hd1+ 39.Ke2 Bh4
40.Kf3



40. - Be1 41.Rb3 Bxb4 42.Rd4
Ba3 43.Hxc2 Bxc2 44.Rxc2 Bf8
45.Ke2 Hh1 46.Rd4 b4 47.Kd3
Bxh6 48.Bxh6 Hxh6 49.Rc6 b3
50.Kc3 Hh3+ 51.Kb2 Kg7 52.Rd4
Kg6 53.Ka3 Hd3 54.Rc6 Kf5
55.Kb2 Ke4 56.Ka3 Hf3 57.Kb2
Kd5



0-1

Skýringar: **Guðmundur**
Kjartansson

Hvitt: **GM Arun Prasad,S** 2556
Svart: **Guðmundur Kjartansson**
2356

Opna skoska meistaramótið 2009
3.umferð

Eftir sigur í fyrstu tveimur
umferðunum mætti ég indverska
stórmeistararanum Arun S. Prasad.
Ég stefndi á efstu sætin í mótinu
svo mikilvægt var að undirbúa sig
vel.

1.d4 Rf6 2.c4 e6 3.Rc3 Bb4 4.Dc2
d5 5.cxd5 Dxd5 6.Rf3 Df5 7.Db3
Rc6 8.Bd2 0-0 9.h3!?



Þessi leikur birtist fyrst í
heimsmeistaraeinviginu á milli
Anands og Kramniks sem fram fór
í fyrra, þar sem Anand hafði hvítt
og vann. Mig grunaði að
andstæðingur minn myndi fara út
í þessa leið svo ég skoðaði
nokkrar skákir og undirbjó mig
með hjálp Fritz 9.e3 er annar
möguleiki en setur svörtum ekki
mikil vandamál eftir t.d. 9...a6
10.Be2 Bd6 11.0-0 e5 með jöfnu
tefli.

9. - a5!?

9. - b6 10.g4 Da5 11.Hc1 Bb7
12.a3 Bxc3 13.Bxc3 Dd5 14.Dxd5
Rxd5 15.Bd2 með aðeins betri
stöðu á hvítt. Anand,V-
Kramnik,V/WCh Bonn GER 2008
(6)/1-0

10.g4 Dg6 11.a3 a4

11. - Bxc3?! 12.bxc3 a4 13.Db2
með aðeins betra á hvítt. Með
því að leika a4 fyrst missir hvíta
drottningin af möguleikanum að
fara til b2.

12.Dd1 Bxc3 13.bxc3 Re4 14.Bg2

SKÁK 5

e5

Svartur þarf að vera virkur á miðborðinu, annars getur staða hans orðið of passív.

15.dxe5

Eftir 15.Rxe5 ætlaði ég að leika 15...Rxe5 16.dxe5 Hd8 17.Dc2 Rxd2 18.Dxg6 hxg6 19.Hd1 Bxg4 20.Hxd2 (20.hxg4 Rc4 með aðeins betra á svart) 20...Bf5 og staðan ætti að vera í jafnvægi.


15. - Rxd2 16.Dxd2



16. - Ha5! 17.0-0 h5

Mikilvægt er að tefla af krafti og notfæra sér veikinguna sem hefur átt sér stað á kóngsvængnum.

18.Rh4 De6 19.f4 hxg4 20.hxg4 Dxg4 21.Rf3 Hd8 22.De3



22. - Dg3!


Ef hvítum er leyft að leika Rg5 og Df3 ætti staða hans allavega ekki að vera verri, nú er hann hinsvegar dálítið bundinn.

23.De4 Bh3 24.Hf2 Had5 25.Haf1 Hd1 26.Rh2?!

Betra hefði verið 26.Rg5 þegar svartur getur farið út í betra endatafl.

26. - Bxg2 27.Dxg2 Dxg2+ 27...Dxc3 28.Dh2 Dc2 29.Dh5 Dg6


30.Dxg6 fyg6 með óljósri stöðu) 28.Kxg2 Kf8 29.Rf3 H1d5! 30.Hb1 b6 31.Hc1 Hc5 með betra á svart. 26. - Dxc3 27.Dxa4 H1d4 28.Db5 Bxg2 29.Kxg2



29. - Re7! 30.Hf3 Dc2 31.H1f2 Dg6+ 32.Kh1 Hd1+ 33.Rf1 Rf5 34.Kh2?

34.Dxb7 Rg3+ 35.Kh2 Re4 36.Dxc7 (36.Hg2 Dh6+ 37.Kg1 Rd2 38.Hff2 Rxf1 39.Hxf1 Hxf1+ 40.Kxf1 Dxf4+ →) 36...Rxf2 37.Hxf2 Dh5+ með mun betra á svart.

34. - Rd4 35.Dxb7 Rxf3+ 36.Dxf3 c5! 37.Kh1 c4 38.f5 Dh6+ 39.Hh2 Dc1 40.Kg2



40. - Hxf1! 41.Dh5

41.Dxf1 Dxf1+ 42.Kxf1 c3 →

41. - Hg1+

0-1

Skýringar: Guðmundur Kjartansson

Hvítt: Guðmundur Kjartansson 2356

Svart: Panchanathan, Magesh C 2493

Opna skoska meistaramótið 2009

4.umferð

1.Rf3 Rf6 2.c4 e6 3.Rc3 Bb4 4.g4!?

4.Dc2

4. - 0-0

4. - h6; 4. - d6; 4. - Bxc3; 4. - d5 5.g5 Re8 6.Dc2 d5 7.a3 Be7 8.d4 b6

8. - c5 9.dxc5 Bxc5 10.e3 Be7 11.h4 dxc4 12.Bxc4 með aðeins betra á hvítt Zvjaginsev, V-Riazantsev, A/Moscow Aeroflot op-A 2003 (1)/1-0



9.e4 dxc4

9...Bb7 10.exd5! exd5 11.Bd3 dxc4 (11...g6 12.Rxd5 Bxd5 13.cxd5 Dxd5 14.Be4 De6 15.Be3±) 12.Bxh7+ Kh8 13.Be4 Rc6 14.Hg1!±

10.Bxc4 c5 11.d5

11.Be3 cxd4 12.0-0-0 Rd6 13.Hxd4 Rc6 14.Hdd1

11. - Rd6 12.Ba2 e5 13.Hg1 f5?! 13...Rd7 14.Be3 b5 með óljósri stöðu.

14.gxf6 Bxf6 15.Be3 Rd7 16.0-0-0 b5 17.Rg5 Bxg5 18.Hxg5 b4



19.Hdg1! bxc3

19...g6 ; 19...Hf7 20.axb4 cxb4 21.Rb5!+- Rxb5 22.d6 g6 23.Bxf7+ Kxf7 24.Dc4+


20.Hxg7+ Kh8 21.f4! cxb2+

21...Dh4 22.Dg2 cxb2+ 23.Kxb2
Rf6 24.Bxc5 Bh3 25.Dg3 Dxc3
26.H7xg3 Rfxe4 27.Bxd6 Rxd6
28.fxe5 Hf2+ 29.Ka1 Hxh2
30.exd6+; 21...Df6 22.Dg2 cxb2+


22.Dxb2 Re8

22...Da5? 23.Hxd7 Rxe4 24.Dxe5+
Rf6 25.Hg8+ Kxg8 26.Dg5+ Kh8
27.Dg7 mát

23.Dg2 Rdf6



24.d6! c4 25.Bxc4 Bg4 26.Hxg4
Rxg4 27.Dxg4 h6 28.fxe5 Dc8
29.De6 Dxe6 30.Bxe6 Rg7 31.Bd5
Hac8+ 32.Kd2 Kh7 33.e6 Hb8
34.Bd4



1-0

Skýringar: Guðmundur
Kjartansson



Guðmundur Kjartansson á efsta borði með fullt hús vinninga í 5.umferð hins geysisterka Czech Open í Pardubice. Andstæðingur hans er Íslandsvinurinn Denis Rombadoni frá Ítalíu.

Hvítt: **Guðmundur Kjartansson**
2356


Svart: **IM Haub, Thorsten Michael**
2483

Czech Open 2009
6.umferð

1.e4 g6 2.d4 Bg7 3.Rc3 d6 4.Be3
a6 5.g3! (5.f4) 5. - b5 (5...Rf6
6.f3) 6.Bg2 Bb7 7.Rh3 e6 8.Dd2
h6 9.f3 Re7
9...Rd7 10.Re2 c5 11.c3



10.Re2 Rd7 11.c3 d5 12.e5?!
12.0-0! e5 13.Had1
12. - Rf5 13.Bf2 c5 14.0-0 Da5
15.f4! cxd4 16.Rxd4 0-0 17.g4
Rxd4 18.Bxd4 Dc7



19.f5!


19.De3 ; 19.Hae1

19. - Rxe5 20.f6?!


20.Bxe5! Bxe5 (20...Dxe5
21.Hae1 Dd6 22.f6 e5 23.fxg7
Kxg7 24.Rf2±) 21.Dxh6 Bf6
(21...Bg7 22.Dh4 exf5 23.Rg5
Hfe8 24.gxf5 Db6+ 25.Kh1 He7
26.Dh7+ Kf8 27.fxg6+-) 22.fxg6
(22.Rg5!?) 22...fxg6 23.Dxg6+
Dg7 24.Rf4! Hae8 25.Hae1 Dxg6
26.Rxg6 Hf7 27.Re5 (27.h4!?)
27...Bxe5 28.Hxe5 Hxf1+
29.Kxf1+-

20. - Rxg4 21.Hf4 Rxf6 22.Bxf6
Bxf6?

22...e5 23.Hf2 Hae8
23.Hxf6 Kg7



24.Haf1 e5 25.De3 Had8 26.Dg3
Bc8 27.Kh1 a5 28.Rg1 b4 29.Re2
bxc3 30.bxc3 De7 31.De3! Hd6
32.Dc5 Be6 33.c4! Hc8




34.Hxf7+

34.De3! e4 35.cxd5 Hxd5 36.Rd4
Hd6 37.Rxe6+ Hxe6 38.Hxf7+
Dxf7 39.Hxf7+ Kxf7 40.Bh3+-

34. - Bxf7 35.Dxc8 dxc4 36.Dc5
De6 37.Rc3 Be8?? 38.Da7+?!
38.Re4

38. - Hd7 39.Dxa5 Hf7 40.He1
Bc6 41.Bxc6 Dxc6+ 42.Kg1 Df3
43.Dxe5+ Kh7 44.Re4 Dg4+



45.Rg3 Dd7 46.De3 c3

46...Dc7


47.Dxc3 Da7+ 48.Kh1 Dxa2
49.He8 Db1+

49...Dd5+ 50.Kg1 Dd1+ 51.Kg2

Dd5+ 52.Re4 Hg7 53.Kg3+-
50.Kg2 Db7+ 51.Re4 Hg7
52.Kg3?!

52.De5! g5 (52...Dc6 53.Kg3+-)
53.Hd8 h5 54.Df5+ Hg6
55.Hd7+-

52. - Dc7+ 53.Dxc7 Hxc7



54.Rf6+! Kg7 55.Rd5 Hc1

56.He7+ Kg8 57.Hc7 Hd1

58.Re7+ Kf7 59.Rd5+ 59.Rf5+ Kf6

60.Rxh6 Kg5 61.Rf7+ Kf6 62.Kf3

Hd3+ (62...Hh1 63.Rh6!) 63.Ke4

Hd1 (63...Hh3 64.Re5! Hh4+

65.Kd5 Hh5 66.Hc6+-) 64.Ke3

Hh1 65.Rh6 Kg5 66.Hh7! He1+

67.Kf2 Hd1 68.h3 Hd2+ 69.Ke3

Ha2 70.Rg4+- 59. - Ke6

59...Kg8 ; 59...Kf8 60.Rf4 Hg1+

(60...Hd6 61.Hh7+-) 61.Kf2 Hg4

62.Kf3 Hg1 63.Hh7+-

60.Rf4+ Kf5 61.Hf7+ Ke4 62.Hf6

Hf1 63.Rd5! Hg1+

63...Hxf6 64.Rxf6+ Kf5 65.Rg8 h5


(65...Kg5 66.h4+-) 66.Kh4+-

64.Kf2 Ha1 65.Rc3+ Kd3 66.Re2

g5 67.Hxh6 Ha2 68.He6 Ha8

69.Kg3 Ha1 70.Kg4 Hh1 71.h3

Hh2 72.Rg3 Kd4 73.He2



1-0

Skýringar: *Guðmundur
Kjartansson*



Björn Þorfinnsson:

Bjarnarhöfði 2009

Alþjóðlega mótið í Capo D'Orso á Ítalíu ætti að hringja bjöllum í hugum íslenskra skáká hugamanna því á fyrsta mótinu, sem var haldið árið 2007, sigraði Héðinn Steingrímsson eftirminnilega og tryggði sér þar með áfanga að stórmeistaratitli. Enginn íslenskur skákmaður fetaði í fótspor hans árið 2008 en í þriðja mótinu héldu tveir íslenskir skákmenn þangað í víking, ykkar einlægur og Hjörvar Steinn Grétarsson.

Mótið fór fram á ítölskum sumarleyfisstað á Suður-Sardiníu sem heitir Capo D'Orso en á okkar ástkæra ylhýra myndi það þýða Bjarnarhöfði. Nafnið er dregið af mikilfenglegum kletti sem gnæfir yfir staðnum og minnir óneitanlega á völdugt bjarndýr. Fyrirbæri þetta er sögufrægt og eru til heimildir allt frá tímum Rómverja um klettinn en sjómenn notuðu hann sem kennileiti lengi vel. Möguleikar til afþreyingar voru ekki miklir á þessum fallega stað og því voru gönguferðir upp að klettinum nokkuð tíðar og þá sérstaklega hjá Grétari Finnbogasyni, föður Hjörvars. Það var ósjaldan sem ykkar einlægur drattaðist fram úr við sólarupprás að hans mati (líklega um tíuleytið) og mætti á Grétari brosandi út að eyrum – „Ég er búinn að fara í morgunmat, bruna niðri í bæ að versla og skella mér upp að kletti“. Það voru yfirleitt velkomnar upplýsingar þegar maður var að melta með sér hvort maður ætti að nenna að kjaga niður í morgunmat eða fara bara að stúdera og láta jógúrt duga!



Bjarnarhöfði

Öll aðstaðan á mótinu er til fyrirmyndar. Gistingin er í litlum snyrtilegum raðhúsum sem eru dreifð um stórt svæði og stendur valið yfirleitt á milli húsa sem eru stutt frá skákstað en langt frá ströndinni eða öfugt. Ég og mitt fríða föruneysi vorum stutt frá skákstað sem ég kunni vel að meta en Hjörvar Steinn og fjölskylda voru við ströndina enda var þjakkurinn „tanaður í drasl“. Það sem ég óttaðist mest var hitastigið á skákstað enda skein sól í heiði allt mótið og því frekar mollulegt úti. Ég hef tekið þátt í mótum þar sem slíkur hiti er einfaldlega inni í skáksalnum einnig og það er ekki upplifun sem mig langar til að endurtaka í bráð. Allar áhyggjur voru þó óþarfar því keppnissalurinn var vel loftræstur og bjartur og fagur að auki!



Skákstaður

„If you are late, we dont wait“

Hjörvar og foreldrar hans héldu af stað degi á undan mér og unnustu minni, Kristínu Erlu Jóhannsdóttur. Þar sem frídagar frá vinnu eru dýrmætir þá ákváðum við að fljúga til London seinnipartinn á föstudegi og taka svo morgunflug til Sardiníu á laugardegi, sama dag og mótið átti að byrja. Flugid átti að lenda um kl.10 að morgni og skákin að byrja kl.17.00 sem þýddi að tíminn átti að vera alveg nægur. Allt gekk eins og í sögu fyrri hluta leiðarinnar og eftir notalegt föstudagskvöld í Lundúnum þá vorum við mætt eldsnemma út á Gatwick-flugvöll. Flugid var með EasyJet og þess vegna tókum við okkur stöðu í ótrúlega fjölmennri röð fyrir öll EasyJet flugin. Sú röð silaðist áfram og var ég farinn að ókyrrast nokkuð þegar rúmlega ein og hálf klukkustund var í brottför. Allt í einu stendur upp starfsmaður og gargar: „Last passengers for Olbia please come forward“. Við illan leik tekst okkur þá að komast að starfsmanninum og tilkynnum, hróðug á svip, að við séum að fara til Sardiníu. „The gate has been closed, Im sorry“ tilkynnir þá frökenin eins og ekkert væri sjálfsgæðara. Eftir nokkra sekúndna sjokk þar sem ég barðist við að ná ískaldri tuskunni úr andlitinu þá næ ég að stama út úr mér tilfinningaríkri sögu af íslenskum skákmanni sem verður að komast í flugið því annars missi hann af fyrstu umferð á afar mikilvægu alþjóðlegu skákmóti. Við mér blöstu algjörlega skilningslaus augu starfsmanns sem sinnir störfum af vélrænni skyldu fremur en ástriðufullri löngun og því kom það mér verulega á óvart hversu vel frökenin flutti hið

hljómfagra slagorð EasyJet „If you are late, we dont wait“. Þetta sönglaði daman skærri röddu en ávarpaði svo næsta farþega í mónótón. Mér var að því búnu ýtt til hliðar.


Þrátt fyrir hörð mótmæli við þjónustuborð EasyJet í einhvern tíma (maður verður nú að reyna) þá urðum við að bíta í það súra epli að kaupa nýtt flug til Mílanó og svo annað flug þaðan til Sardiníu sem kom á áfangastað um miðnætti. Fyrsta umferð tapaðist því án taflmennsku og þar af leiðandi voru allir draumar um stórmeistaraáfanga kæfðir í fæðingu.

Þrátt fyrir verstu mögulegu byrjun þá var ég ákveðinn í því að láta til mín taka á þessu móti en það gekk upp og ofan. Ég vann næstu tvær skákir, aðra auðveldlega en hina með því að snúa tapaðri stöðu mér í vil. Í fjórðu umferð tefldi ég svo við ítalska FIDE-meistarann Andrea Drei sem ég tapaði fyrir á Reykjavík Open fyrir níu árum! Ég mundi að sjálfsgæðu eftir því tapi og því var afar sárt að gera hrikaleg mistök í byrjuninni, sjá aldrei til sólar og gefast upp öðru sinni fyrir Andrea og það í bæði skiptin eftir 44.leik hans!

Ég varð enn ákveðnari eftir þetta tap og næstu þrjár andstæðingar voru samviskusamlega aflífaðir eftir öllum kúnstarinnar reglum. Þá var ég kominn upp að efstu mönnum með 5 vinninga af 7 mögulegum og mætti Íslandsvininum Tiger Hillarp Persson.

Sú skák var ágætlega tefld af minni hálfu og það þrátt fyrir að nánast allur seinni hluti hennar hafi verið tefldur með óþægilega lítinn tíma á klukkunni. Að lokum leystist staðan upp í tvíeggjað hróksendatafl þar sem mér urðu á hræðileg mistök.

Hvítt: **GM Tiger Hillarp Persson** 2618
Svart: **FM Björn Þorfinnsson** 2422



Í þessari stöðu átti ég leik og lék hinum arfaslaka 49. – Hg1? og tapaði skákina svo fljótlega eftir það. Hversvegna ég lék ekki hinum einfalda 49. – Hf1 á ég seint eftir að skilja. Hugmyndin er einföld – að búa til nýtt frípeð eins fljótt og auðið er. Eftirfarandi leikjaröð er nánast þvinguð: 50.Hd2 Hxf4 52. Hh2 Hh4 og áætlun svarts skýrir sig sjálf – bruna fram með kónginn og valda h3 peðið svo svarti hrókurinn fái frelsi til að hægja á framrás hvítu peðanna. Líklegustu úrslitin eru jafntefli en þó er ljóst að það er hvítur sem þarf að vara sig.

Mótið hjá Hjörvari komst aldrei almennilega á flug en var án efa lærdómsríkt fyrir guttann. Hann tefldi tvær hörkuskákir gegn öflugum stórmeisturum sem báðar töpuðust fyrir rest en að öðru leyti var hann að kljást við stígalægri skákmenn. Fyrir þetta mót hafði Hjörvar verið í mikilli uppsveiflu og eðli málsins samkvæmt þá er erfitt að eiga alltaf góð mót. Árangur Hjörvars eftir Sardiníumótið hefur hinsvegar verið afspyrnugóður og að mínu mati er ekki langt að bíða þar til hann moka inn IM-áföngunum.

Sigurvegari mótsins var Íslandsvinurinn Stuart Conquest með 7 vinninga af 9 mögulegum. Tíu skákmenn voru með hálfum vinningi minna og af þeim voru Mikhail Marin og Sergey Tiviakov efstir á stigum. Undirritaður hlaut 6 vinninga en Hjörvar 5 vinninga.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu mótsins:

<http://asd.caissa.it/portomannu2009/vega/index.htm>



Sigurveggarar mótsins: Tiviakov, Conquest og Marin.

En þótt að mótið hafi ekki gengið neitt sérstaklega vel hjá okkur félögunum þá var um einstaklega skemmtilega upplifun að ræða. Alls tóku 178 skákmenn þátt í mótinu og var stemmingin alveg til fyrirmyndar. Maturinn var alveg hreint stórkostlegur og í rauninni allt eins og best verður á kosið fyrir utan sjálf úrslitin! Mótshaldarinn, Yuri Garrett, sem kom til ásamt hópi ítalskra skákmanna á Alþjóðlega Reykjavíkurmótið í ár er afskaplega duglegur að búa til skemmtilega hliðarviðburði sem skáktúristar kunna vel að meta. Meðal annars voru fyrirlestrar á meðan móti stóð fyrir áhugamenn og voru meistarar á borð við Jussupow og Marin meðal fyrirlesara. Skemmtilegasti viðburðurinn var hinsvegar „Reykjavík Quiz“ en Ítalirnir fengu hugmyndina að þeim viðburði á tittnefndu Reykjavíkurskákímóti þar sem Sigurbjörn Björnsson stýrði frábærlega velheppnaðri spurningakeppni með skák sem meginþema. Þeir höfðu greinilega ekki gleymt því hvaðan innblásturinn fékkst eins og sást á nafni kvöldsins. Einn af sigurvegum spurningakeppninnar í Reykjavík, Max Lucaroni, hafði tekið saman þrjátíu spurningar eins og Sigurbjörn og vakti atburðurinn mikla lukku. Yuri Garrett var svo ánægður með viðbrögðin að hann tilkynnti fjálglega að hér eftir yrði skákspurningakeppni hluti af öllum þeim skákhátíðum sem hann myndi skipuleggja í framtíðinni!

Lokaorð mín verða þau að hvetja íslenska skákmenn til að sækja Ítalíu heim til að taka þar þátt í alþjóðlegum skákímótum. Eftir kynni mín af skipulagningu mótanna í Capo D'Orso og Reggio Emilia verð ég að gefa innfæddum hæstu einkunn – hreint út sagt frábærar skákhátíð.



Gunnar Finnlaugsson og Calle Erlandsson :

Myndir frá Ólympíumótinu í Dresden 2009



Íslenska karlalandsliðið. Þróstur í fríi.



Íslenska kvennalandsliðið. Guðlaug í fríi.



Lothar Schmid



Emanuel Berg Calle Erlandsson



Vladimir Tukmakov



Grikkinn Kotronias



Tískusýning



Varamenn



Nigel Short íhugar drottningarkaup



Hikaru Nakamura



Lars Schandorff



Magnus Carlsen og Simen Agdestein



Hou Yifan



Rustam Kasimdzhanov



Björn Sölvi Sigurjónsson

FIDE meistari

Fæddur 26. janúar 1949

50 ára afmælisprotokoll



Björn Sölvi Sigurjónsson, fæddur 26. janúar 1949



Björn og Róbert Lagerman taka eina bröndóttu er Björn færði athvarfinu Vin innrammaða mynd eftir hann sjálfan, 2007

Auk þess að vera Fide meistari í skák, þá hefur Björn Sölvi lagt stund á, og haft gaman af fleiri verkefnum. Má þar nefna; tónlist, myndlist og ritstörf. Hann hefur leikið bæði á fiölu og klarínett auk þess að vera lunkinn blokkflautu-leikari. Björn Sölvi dvaldi í Hveragerði árin 1983-7 og gekk hann þar í Tónlistarskóla Hveragerðis. Stundaði þar nám í þrjár annir. Í Hveragerði tefldi Björn Sölvi bréfskák af miklum móð með góðum árangri.

Hann hefur gefið sig að myndlistinni og sótti námskeið í málun og teikningu í Kvöldskóla Kópavogs á níunda áratugnum.

Björn Sölvi sótti einnig námskeið í ljósmyndun, skrautritun auk silfursmíði í sama skóla. Áður hafði Björn Sölvi sótt námskeið hjá Mynd- og handmenntaskóla Reykjavíkur.

Í þrjá áratugi hefur Björn Sölvi unnið þessi verkefni sín og hefur hann sjálfur kveðið upp þann dóm um sjálfan sig, að hann sé FJÖLLISTAMAÐUR.



Björn Sölvi afhendir forseta Skáksambands Íslands, Birni Þorfinnssyni, litgreint skákborð við hátíðlega athöfn í Vin.



Björn Sölvi hafði unnið að þessari greiningu í nokkur misseri með markvissum pælingum og fékk svo einkaréttindi á borðinu sem hann afhenti Skáksambandinu til eignar.

Afmælisskákmtót

til heiðurs sextugum jálkinum, Birni Sölva Sigurjónssyni.



Haldið af Skákfélagi Vinjar í Vin, athvarfi Rauða krossins, þar sem félagið hefur aðstöðu

Þátttakendur á afmælisskákmtóti Björns Sölva. Þess verður að geta að skákstjórinn Róbert Lagerman var með fimm og hálfan vinning og hæstur á mótinu, en hann keppti sem gestur og afsalaði sér verðlaunum.



Afmælispilturinn sigraði 29.01.2009

Fide meistarinn Björn Sölvi Sigurjónsson sigraði á afmælismóti, honum sjálfum til heiðurs, í Vin, athvarfi Rauða krossins við Hverfisgötu þann 26. janúar. Sextugur Björn var í rífandi stuði og fékk fimm vinninga úr sex skákum. Fyrir mótið var afmælissöngurinn sunginn við undirleik á lítinn lírukassa, og síðan gítarundirleik Atla Arnarssonar. Birni voru svo færð blóm í tilefni dagsins.

Í annað sinn í sögu skákmtóta í Vin, sem Skákfélag Vinjar og Hrókurinn setja upp, mættu átján manns á mánudegi klukkan 13, sem þykir frábært.

Í hitt skiptið var það á Morgan Kane mótinu fyrir um ári síðan. En 27 þátttakendur voru reyndar þegar kveðjumót var haldið til heiðurs Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, fyrrum forseta og má mikið gerast til að það verði slegið. Að þessu sinni var yngsti þátttakandinn 13 ára og sá elsti 84.



Björn Sölvi fékk bikarinn en silfurverðlaun hlaut Arnljótur Sigurðsson og bronsið Gunnar Freyr Rúnarsson, en þeir, ásamt Sigurjóni Þór Friðþjófssyni og Hauki Halldórssyni, voru með fjóra vinninga.

Eftir fjórðu umferð var glæsilegt afmæliskaffi og að móti loknu var verðlaunaafhending þar sem efstu menn fengu bikar og medaljur auk bókar og bæklinga eftir þá Björn Sölva og Friðrik Ólafsson, stórmeistara, afmælisbörn dagsins. Allir þátttakendur fengu vinning í formi bóka eða geisladiska.



Vinningshafar á afmælistóttinu: Skákstjórinn Róbert Lagerman, Björn Sölvi, Arnljótur Sigurðsson og Gunnar Freyr Rúnarsson.

Auk ágætrar frammistöðu Björns Sölva í skákinni á 60. afmælisári sínu, þá sýndi hann myndir á samsýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur "List án landamæra". Þar sýndi Björn bók á bæklinga á sama vettvangi. Ekki komust allir að í Ráðhúsinu þannig að Björn var valinn inn og er það mikill heiður fyrir áhugamann í listinni.

Blokkflautuleikur er einnig áhugamál og á hann það til að leika fyrir fjölskyldu sína.



Tímaritið Skák

Í fyrsta töl 52. árgangi tímaritsins Skák, janúar/febrúar 2002, er heilmikil umfjöllun um Björn Sölva undir formerkjunum: íslenskir skákmeistarar. (Samantekt Trausta Björnssonar) Þar er stutt æviágrip og yfirlit yfir skákmót sem hann tók þátt í á árunum 1962-97 og eru þau upp talin tæplega eitt hundrað, og eru það aðeins alvörumót sem þar eru nefnd. Einnig eru 12 skákir raktar þar sem Björn Sölvi var í stuði á móti sterkum andstæðingum.



Björn Sigurjónsson.

Meðal mótanna sem upp eru talin má nefna:

- Haustmót Skákfélags Akureyrar þar sem hann varð í 1-3. sæti árið 1967.
- Reykjavíkurmótið 1969 þar sem hann varð í 2-5. sæti með fimm vinninga í sjö skákum.
- Skákþing Kópavogs árið 1970 sem Björn Sölvi sigraði.
- Skákþing Norðurlanda í Reykjavík 1971, annað sæti í A riðli og sigur í A riðli í Haustmóti Taflfélags Reykjavíkur en endaði í 6. sæti.
- Skákmeistari Kópavogs árið 1973.
- Sigurvegari á Skákþingi Kópavogs 1977.
- Skákmeistari Sjálfsbjargar 2000.



Stoltur meistari Sjálfsbjargar árið 2000

- 1986-1993 var Björn Sölvi mjög virkur í bréfskák og tefldi í landsliðsflokki á Bréfskákþingi Íslands.
- Keppti nokkur ár fyrir hönd Íslands í landskeppnum og Evrópukeppni landsliða auk Ólympíumóts í bréfskák 1989-93.
- Keppti á Evrópumótum og Heimsmótum á erlendum vettvangi og átti það til að sigra í riðlum í undankeppni en hafði það ekki alla leið.....



Sumarið 1965 gafst Birni, þá 16 ára gömlum, tækifæri til að halda til Svíþjóðar þar sem hann dvaldi í viku í sumarþúðum skákungmenna við skákiðkan og íþróttir ýmiss konar. Eingöngu vannst tími til að tefla eina raunverulega keppnisskák og er hún rakin í tímaritinu Skák frá árinu 2002.

Um sænsku "skákjúniorana" segir Björn:
"Þeir eru yfirleitt ekki útsjónarsamari en íslenskir jafnaldrar þeirra en þeir leggja mikla rækt við skákina og virðast skilja betur þær tæknilegur kröfur sem skákin gerir en margir íslenskir jafnaldrar þeirra. Tel ég að nokkuð megi af þeim læra."

Og svo er skák hans gegn Gert Svenson, sem hafði hvítt rakin. Eftir 33 leiki kemur hvítur upp drottningu sem dugir þó ekki og eftir 37 leiki er hvítur með drottningu og þrjú þéð gegn biskupapari Björns og sex þéðum. Eftir 50 leiki gaf Gert Svenson skákina og svo fylgja nokkrar skákir í viðbót í umræddu tímariti.



Björn Sölvi með svart á móti Jóni Torfasyni

Meðal annars má nefna skák Björns við Þröst Bergmann á skákþingi Kópavogs árið 1977 en þar vann Björn Sölvi það afrek að verða í þriðja sinn skákmeistari Kópavogs.

Einnig er rakin skák Björns og Sigurðar Gunnarssonar í áskorendaflokki á Skákþingi Íslands 1977 þar sem Björn hlaut 7,5 vinninga af 11 mögulegum og sigraði.

Björn Sölvi Sigurjónsson afrekaði það að verða skákmeistari Akureyrar, skákmeistari Reykjavíkur og þrisvar sinnum skákmeistari Kópavogs.

Nú teflir Björn Sölvi Sigurjónsson fyrir Skákfélag Vinjar sem í fyrsta sinn tók þátt í Íslandsmóti skákfélaga veturinn 2008-2009 í fjórðu deild.




Seinni umferð á Íslandsmótinu á Akureyri

Hvítt: Björn Sölvi Sigurjónsson, Skákfélagi Vinjar
Svart: Ulker Gasanova, Skákfélagi Akureyrar


Íslandsmót Skákfélaga, 5.10 2008, fyrri hluti.
1.Rc3 Rf6 2.e4 e5 3.Rge2 d5 4.exd5 Rxd5 5.Rxd5 Dxd5
6.Rc3 Da5 7.Bc4 Rc6 8.d3 Bb6 9.Bd2 0-0 10.0-0 Bxc3
11.Bxc3 Dc5 12.Dh5 b5 13.Bb3 Rd4 14.Hae1 Rxb3



15.Hxe5 Dd6 16.axb3 b4 17.Hd5 Dc6 18.Hc5 Db6
19.Bd4 Be6 20.De5 f6 21.De4 Bf7



22.Hh5 Bxh5 23.Bxb6 axb6 24.Dxb4 Ha5 25.d4 Hfa8
26.Dc4+ Kf8 27.Dxc7 Be2 28.He1 Ha1 29.Dc3 Hxe1+
30.Dxe1 He8 31.f3 Ba6 32.Db4+ Kf7 33.d5 He2 34.c4
Hxb2 35.Dxb6 Hb1+ 36.Kf2 Hb2+ 37.Kg3 Ha2 38.De6+



1-0



Fjölmenni var á Íslandsmóti skákfélags vorið 2009

Á þeim skákmótum sem Björn Sölvi hefur sótt hjá Skákfélagi Vinjar og Hróknum, undanfarin misseri, hefur hann ávallt verið meðal efstu manna og yfirleitt komist á verðlaunapall.

Nokkrar myndir af verðlaunaafhendingu frá mótum.....



Sumarævintýramót Hróksins og Skákfélag Vinjar í Júní 2007.

Þrír urðu efstir og jafnir á Sumarævintýramóti Hróksins og Skákfélagsins í Vin, athvarfi Rauða krossins fyrir fólk með geðraskanir í byrjun Júní 2007.

Björgvin G Sigurðsson nýskipaður Viðskiptaráðherra var heiðursgestur á mótinu og lék fyrsta leikinn í skák Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur forseta skáksambandsins og Hrafns Jökulssonar forseta Hróksins sem var svona hátíðarsýningarskák, því bæði voru þau Lilja og ráðherrann að fara á þingflokksfund og höfðu ekki tök á því að vera allan tímann. Við sama tækifæri hlaut Lilja að gjöf nákvæma eftirlíkingu af drottningu, sem skorin var út í rostungstönn fyrir hartnær 1000 árum.



Róbert Harðarson, Björn Sölvi og Hrafn hlutu 4 vinningar af 5 mögulegum og deildu með sér gullinu.



Skákfélag Vinjar og Hrókurinn hafa undanfarin misseri tekið upp þráðinn þar sem frá var horfið fyrir rúmum áratug, en það er að halda skákmót milli geðdeilda þar sem þeir sem átt hafa við geðraskanir og starfsmenn deilda mynda þriggja manna lið.

Með uppsprettu athvarfa og klúbba sem sinna þessum málaflokk þá er öllum boðið að vera með og þó hart sé barist eru allir perluvínir og mót þessi hin skemmtilegustu.

Björn Sölvi sá til þess að deild 12 hefur varla hillupláss lengur fyrir bikara en á síðasta móti tefldi hann fyrir Vin og stóð liðið sig framur vonum, þó ekki næðist bikarinn í hús.



Liðið skipuðu: Guðmundur Valdimar Guðmundsson, Arnar Valgeirsson og Björn Sölvi.



Tekist á á móti milli deilda



Eru ekki allir í stuði????????

Endum þetta á nokkrum myndum frá skákinni hjá Skákfélagi Vinjar, þar sem Hrókurinn hefur stutt dyggilega við starfið undanfarin ár:



...Þú átt kollhúfuna.....



Að nokkru leyti unnið upp úr samantekt Trausta Björnssonar úr tímaritinu Skák, 1.tbl. 52.árg. jan/feb 2002

Munnlegar heimildir auk heimilda úr greinarskrifum vegna móta í Vin og annarstaðar, myndir í eigu Skákfélags Vinjar.(2009)

Arnar Valgeirsson: Samantekt efnis og ljósmynda.
Áslaug Rut Kristinsdóttir: Uppsetning á glærusýningu og aðstoð við gagnaöflun.(2009)

